

Umhverfisiráð barna 2013 - 2014

Nóvember

Mættur á fund var Blöðruhópur; Arnar Bjarki, Gunnar Logi, Valur Daði, Marel Örn og Katrín

Fundurinn hófst á því að allir fengu grænfánamrkispjald. Við ræddum um hvað grænfáninn er og skoðuðum merkinguna á bak við fánann. Einnig ræddum við hvers vegna við viljum hafa grænfánann og hvað við þurfum að gera til þess. Eitt af því er að flokka sorp.

Við horfðum á fræðslumyndband á sorpa.is með Trjálfunum þar sem þeir læra að flokka og skila. Við ákváðum að skoða hvernig við gerum í Reynisholti og fórum inn í eldhús til að skoða flokkunarkassana þar. Magnea og Lína eru mjög duglegar að flokka og vita greinilega hvernig á að gera það. Við sáum að í Reynisholti er verið að flokka sorp og því getum við haft Grænfánann.

